

Alþingi
Erindi nr. P 139/2816

Lamudagur 27.5.2011

From: bryndis.helgadottir@irr.is [mailto:bryndis.helgadottir@irr.is]

Sent: 27. maí 2011 10:30

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Subject: Varðandi mansalið og sérstakan saksóknara.

Sæl Elín Valdís.

Vegna umræðunnar um lengingu refsirammans í mansalsákvæðinu og heimild til að beita gæsluvarðhaldi í þeim tilvikum þegar refsiramminn er undir 10 árum sendi ég með ákvæði 98. gr. sakamálalaga er varðar gæsluvarðhald og einangrun í gæsluvarðhaldi en skv. 2. mgr. 98. gr. er ekki unnt að beita einangrun í gæsluvarðhaldi lengur en fjórar vikur. Það er það sem málið snýst um.

Sendi líka með drög að ákvæði til bráðabirgða vegna gildistöku í frumvarpi um sameiningu sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar.

kv. Bryndís

98. gr. Dómari skal að jafnaði leggja úrskurð á kröfu um gæsluvarðhald svo fljótt sem verða má. Ávallt er skylt að kveða upp úrskurð innan 24 klukkustunda frá þeim tíma að sakborningur, sem handtekinn hefur verið, kom fyrir dóm, sbr. 94. gr.

Nú er þess krafist að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi skv. b-lið 1. mgr. 99. gr. og á dómari þá að taka afstöðu til þeirrar kröfu í úrskurði. Ekki má úrskurða sakborning til að sæta einangrun nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. **Hún má ekki standa samfleytt lengur en í fjórar vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi**. Enn fremur tekur dómari í úrskurði afstöðu til kröfu um hver tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skuli vera að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 99. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2011. Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 2011 er embætti sérstaks saksóknara heimilt að undirbúa sameiningu embættis sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra m.a. með því að bjóða embættismönnum og öðrum starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra starf hjá embætti sérstaks saksóknara. Þó er ráðherra heimilt að flytja saksóknara frá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til embættis ríkissaksóknara. Þeim sem ekki þiggja starf hjá embætti sérstaks saksóknara við gildistöku laga þessara skal boðið annað starf innan lögreglunnar. Skulu þeir þá njóta sömu kjara og þeir njóta hjá ríkislögreglustjóra. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessari málsgrein.

Innanríkisráðherra skal skipa nefnd sérfróðra manna að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti til þess að endurskoða skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum og gera tillögur að

heildarskipulagi slíkra rannsókna innan einnar stofnunar í þeim tilgangi að gera þær skilvirkari og markvissari og tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru í þessu skyni. Skal nefndin í störfum sínum hafa hliðsjón af skipan efnahagsbrotarannsókna annars staðar á Norðurlöndum. Skal nefndin skila ráðherra tillögum ásamt greinargerð eigi síðar en einu ári frá gildistöku laga þessara.